

- 12** 2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt 20 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

26. jan.

V. HEIMILD TIL BREYTINGA

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórn breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Húsavíkur, nr. 182 15. okt. 1951.

Atvinnumálaráðuneytið, 26. janúar 1953.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

13

23. jan.

REGLUR

um breyting á reglum nr. 42/1951 um greiðslur til opinberra starfsmanna fyrir ferðakostnað og fleira í innanlandsferðum.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Greiðsla fyrir afnot einkabíla.

Þegar hagkvæmt þykir að semja við opinberan starfsmann um notkun einkabíls hans í sambandi við starf hans, skal gera þar um skriflegan samning við ráðuneyti það, er viðkomandi stofnun heyrir undir, enda samþykki fjármálaráðuneytið samningsgerðina. Samningurinn sé gerður til eins árs, og gengur þá úr gildi, ef hann er ekki endurnýjaður. Í samningnum skal ákveða heildarupphæð þóknunar fyrir afnot bílsins og jafnframt tiltaka áætlaða aksturslengd, ef unnt er. Ef ástæða er til að ákveða ekki heildarupphæð þóknunar fyrirfram, má í samningi gera ráð fyrir reikningsskilum eftir á samkvæmt raunverulegri aksturslengd. Tillögu að samningi skal forstöðumaður leggja fyrir viðkomandi ráðuneyti eigi síðar en 1. febrúar ár hvert, enda sé samningsgerð lokið, ef úr verður, eigi síðar en 1. marz. Þó getur fjármálaráðuneytið leyft undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

2. gr.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

Bráðabirgðaákvæði.

Á árinu 1953 skal frestur til að skila tillögu að samningi skv. 1. gr. vera til 15. febrúar.

Fjármálaráðuneytið, 23. janúar 1953.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.